

Ed.

462. Nefndarálit

[109. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 17. maí 1947, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, sent vegamálastjóra það til um-sagnar og fengið svar frá honum.

Með frv. þessu er lagt til að hækka hámark vegaskatts til sýsluvegasjóða úr 12 af þúsundi fasteignamats í 36 af þúsundi. Nefndin er á einu máli um, að nauðsyn sé að auka tekjur sýsluvegasjóða, en vill ekki leggja til, að vegaskatturinn sé hækkaður eins og frv. gerir ráð fyrir, og er það í samræmi við álit vegamálastjóra, sem bendir á þá leið, að sýslunefndum verði heimilað að innheimta álagðan vegaskatt með allt að 50% álagi fyrir eitt ár í senn og að tillag ríkissjóðs verði hækkað í sama hlutfalli. Ef allar sýslur, þar sem nú eru vegasjóðir, notuðu heimild þessa að fullu, mundi vegaskatturinn hækka um allt að 300 þús. kr., en framlag ríkisins um allt að 500 þús. kr., samkv. umsögn vegamálastjóra.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Aftan við lögin komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

Alþingi, 15. des. 1952.

Sigurður Ó. Ólafsson,
form., frsm.

Karl Kristjánsson,
fundaskr.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Dorst. Þorsteinsson.

Steingr. Aðalsteinsson.